


VERKHEITI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 10070
 VERKHLUTI: 006
 HÖFUNDUR: Anna Guðrún Stefánsdóttir
 RÝNT AF: Grétar Mar Hreggviðsson
 DREIFING:

DAGS.: 2021-01-11
 NR.: 01
 Útgáfa

Verið er að stækka húsnæði við Austursíðu 2 á Akureyri og breyta notkun að hluta. Umferð að og frá reitnum mun aukast við þessa framkvæmd og verður hér lagt mat á það hver líkleg umferðaraukning verður.



Mynd 1 Deiliskipulagstillaga 9.12.2020

Húsnæðið mun stækka um 1.700 m² og verður því 10.483 m² sem skiptist eftirfarandi:


- 1.h : 3.083 m² - Er alfarið geymslur og lagerrými
- 2.h : 6.997m² - Alfarið verslanasvæði
- 3.h: 437 m² - Skrifstofur

Í núverandi húsnæði var að mestu lager og iðnaður á 1.hæð, lager og iðnaður að mestu á 2.hæð auk lítils verslunarsvæðis og skrifstofur á 3.hæð.

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 sýnir að umferð á 1,700 ökutæki á sólarhring árið 2016 á Síðubraut. Er áætlað að umferðin verði 3.500 ökutæki á sólarhring 2030. Ekki var að skilja á aðalskipulaginu að gert hafi verið ráð fyrir breytingum á þessari lóð og má því ætla að þessi umferð leggist ofaná þá umferð sem spáð er 2030.

AT7	Svæði austan Austursíðu	Síðuhverfi	14,1	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun. Deiliskipulagt. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi reitsins.
-----	-------------------------	------------	------	---


Mynd 2 Úr greinargerð með aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.



Mynd 3 Áætluð umferð 2030. Mynd úr greinargerð með Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Umferð að/frá reitnum var metin með sambærilegum hætti og gert er í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins¹. Þó skal hafa í huga að þær aðferðir eru leiddar út fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem hlutfall íbúa vegur eilítið þyngra í ferðamyndun og því er líklegt að ferðafjöldi sé aðeins vanmetin.

Skv. umferðarreikningunum má gera ráð fyrir um 1.200 ferðum á sólarhring, úr reitnum, eftir breytinguna, þ.e. 2.400 ferðir á sólarhring inn og út úr reitnum. Til samanburðar þá gefa reikningarnir 900 bílferðir inn og út úr reitnum á sólarhring frá núverandi húsnæði (í fullri notkun).



Mynd 4 Áætluð umferð á Síðubraut 2030 með aukinni umferð vegna breytinga á Austursíðu 2.

11:00 mun umferð að og frá reitnum hafa lítil áhrif á háannatímaumferð árdegis. Mögulega munu einhverjir vöruflutningar fara fram á háannatíma en líklega ekki í því magni að það hafi áhrif á umferðina. Síðdegis er hinsvegar mest að gera í verslunum sem þessum, samhliða háannatíma í umferðinni og mun því umferð vegna verslananna líklega hafa einhver áhrif á háannatímaumferðina síðdegis. Í framtíðinni þegar fyrirhuguðu íbúðabyggð við Síðubraut verður komin getur ástandið á gatnamótum Síðubrautar og Austursíðu mögulega orðið erfitt en þá gæti hringtorg orðið vænlegur kostur.

Niðurstöður umferðarreikningana gefa svokallaða hversdagsumferð (HVDU) en umferðin í umferðarspá aðalskipulagsins er ársdagsumferð (ÁDU). Þetta hlutfall er nokkuð breytilegt eftir tegund gatna en almennt er þó miðað við að HVDU sé um 15% hærri en ÁDU. Má því gera ráð fyrir að ÁDU í og úr reitnum verði um 2.000 ferðir á sólarhring og umferðin á Síðubraut verði um 5.500 ökutæki á sólarhring árið 2030.

Umferðarmagnið á Austursíðu í dag liggur ekki fyrir en af samtali við starfsmann Verkís, sem er til húsa í Austursíðu 2, má ráða að þar sé ekki mikil umferð í dag og litlar tafir, a.m.k. við þennan enda Austursíðu og á Síðubraut. Meiri álag er við Hlíðarbraut, sérstaklega síðdegis. Talið er að Austursíða við Síðubraut og Síðubraut séu nokkuð vel í stakk búnar til að taka við umferðaraukningunni.

Þar sem verslanir sambærilegar þeim sem eru fyrirhugaðar í reitnum opna vanalega ekki fyrr en um

¹ Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins. VSÓ Ráðgjöf 2006.